


Bókarýni

Learning as a way of leading-lessons from the struggle for social justice



Mynd tekin af:
<https://www.amazon.com/Learning-Way-Leading-Lessons-Struggle/dp/0787978078>

Hér verður fjallað um bókina *Learning as a way of leading – lessons from the struggle for social justice*. Fyrst gef ég upp bókfræðilegar upplýsingar og fer yfir hverstu oft hefur verið vitnað í bókina. Þá kynni ég höfunda bókarinnar stuttlega og eftir það útskýri ég hvers vegna ég valdi bókina og fyrir hverja hún er. Í kaflanum þar á eftir fer ég yfir uppbyggingu bókarinnar, svo fer ég yfir innihald hennar og í lokakaflanum fjalla ég um bókina og hvað það var sem að vakti helst athygli mína við lestur hennar.

Bókfræðilegar upplýsingar

Preskill, S., Brookfield, S.D. (2009). *Learning as a way of leading-lessons from the struggle for social justice*. San Francisco: Jossey bass.

Tilvitnanir í bókina


Í fyrstu útgáfu bókarinnar sem gefin var út árið 2008 hafa samkvæmt google scholar 116 vitnað í bókina. Í annarri útgáfu bókarinnar sem gefin var út árið 2009 hafa samkvæmt google scholar 41 vitnað í bókina

Höfundar bókarinnar



Mynd fengin af: <http://www.participedia.net/en/people/preskill>

Stephen Preskill er prófessor í leiðtogafræðum (e. civic engagement and leadership) við Wagner háskóla. Hann hefur ritað auk þessarar tvær bækur með öðrum höfundum. Bókina Discussion as a Way of Teaching: Tools and Techniques for Democratic Classroom (1999, 2005), með S. Brookfield og bókina Stories of Teaching: A Foundation for Educational Renewal (2011) með R.S. Jacobvitz.



Mynd fengin af: <http://www.stephenbrookfield.com/>

Stephen Brookfield er forstöðumaður við St. Thomas Háskóla í Minnesota. Hann hefur ritað eða skrifað með öðrum og ritstýrt 18 bókum um fullorðinsfræðslu, kennslu, gagnrýna hugsun, gangrýnnar kenningar og umræðu aðferðir. Meðal bóka sem hann hefur ritað ber að nefna Understanding and Facilitating Adult learning: A Comprehensive Analysis of Principles and Effective Practices (1986), Developing Critical Thinkers: Challenging Adults to Explore Alternative Ways of Thinking and Acting (1987), Becoming a Critically Reflective Teacher (1995) og The Power of Critical Theory Liberating Adult Learning and Teaching (2005). Þá hefur hann unnið til verðlauna fyrir rannsóknir í fullorðinsfræðslu.

Ástæða fyrir vali á bókinni

Ástæða fyrir vali mínu á þessari bók er að í námskeiðinu skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum erum við, nemendur, meðal annars að æfa okkur í leiðtogahæfni. Leiðtogahæfni er mikilvægur þáttur þegar kemur að því að vera leiðbeinandi á námskeiði fyrir fullorðna og að leiða námshóp áfram í námi. Hver sá sem ætlar að halda námskeið fyrir fullorðna þarf að jafnframt að læra að vera leiðtogi og til þess þarf hann að læra og tileinka sér ákveðna leiðtogahæfni. Hann þarf að geta leitt hópinn áfram, kveikt neista og áhuga hjá hópnum

og hlustað á þá reynslu sem hópurinn hefur að geyma. Ef hann hefur ekki leiðtogahæfni eru meiri líkur á að námskeiðið standi ekki undir sér og líklegra til að mistakast.

Fyrir hverja er bókin

Bókin er góð fyrir alla þá sem hafa áhuga á að kynna sér betur og læra um leiðtogafærni sem og efla sig á því sviði, námsmönnum sem öðrum. Hún ætti að nýtast öllum þeim sem vinna með öðrum og telja sig hafa boðskap öðrum fram að færa. Hún færir þeim sem vilja styrkja leiðtogahæfni sína margvísleg verkefni til að styðjast við í hlutverkinu. Í rauninni má segja að bókin sé einskonar verkfærakista fyrir leiðtoga.

Uppbygging bókar

Bókin *Learning as a way of leading, lessons from the struggle for social justice* er skipt upp í ellefu kafla. Höfundar bókarinnar setja fram níu lærdóms verkefni (e. learning tasks) fyrir leiðtoga. Upptalin níu lærdómsverkefni um leiðtogahæfni eru jafnframt kaflaheitin á köflum 2-10 en fyrsti kaflinn er inngangur þar sem fjallað er um leiðtoga og leiðtogahæfni sem og að höfundar skýra stuttlega þessi níu lærdómsverkefni um leiðtogahæfni. Lokakaflinn er svo einskonar niðurstöðukafla þar sem höfundar draga efni bókarinnar saman. Það er mjög gott hvernig höfundar byggja upp kaflana í bókinni. Hver kafla er eins og áður segir eitt lærdómsverkefni um leiðtogahæfni en hverjum kafla er skipt upp í undirkafla og eru kaflarnir allir byggðir svipað upp. Fyrst í hverjum kafla fyrir sig fjalla þeir almennt um það lærdómsverkefni sem tekið er fyrir, svo fjalla þeir um kosti lærdómsverkefnisins, þá hvernig leiðtoginn öðlast hæfni til að stunda það sem þeir hafa tileinkað sér. Inn á milli segja þeir frá því hverju þeir hafa orðið vitni að eftirfarandi lærdómsverkefni eða hvernig þeir hafa stundað það sjálfir. Þeir fjalla einnig um hver ávinningur hvers lærdómsverkefnis er sem og hvaða hindranir það getur falið í sér. Að lokum koma þeir með góð dæmi um leiðtoga sem að nýttu sér eftirfarandi lærdómsverkefni til að leiða hópa eða samfélög áfram. Það er mjög aðgengilegt fyrir lesandann að allir kaflar eru svipað uppbyggðir. Það hjálpar lesandanum að setja sig betur inn í hvert lærdómsverkefni fyrir sig og átta sig betur á hvaða ávinning það getur falið í sér að tileinka sér það og hverjir áskoranir geta verið. Það er mjög gagnlegt að lesa bæði um ávinning og áskoranir og mér fannst það segja til um að höfundar hafa virkilega leitt hugann að öllum sjónarmiðum hvers lærdómsverkefnis um leiðtogahæfni og hafa beitt gagnrýnni hugsun, sem

þeir fjalla einnig um í bókinni. Bókin virkar því ekki eins og lofsöngur heldur fjallar hún um lærdóm sem leiðtogar geta tileinkað sér og nýtt sér til að styrkja enn frekar hæfni sína. Það er skemmtilegt að lesa dæmi sem þeir taka frá sjálfum sér og heillandi að lesa um þá leiðtoga sem þeir nefna í hverju lærdómsverkefni fyrir sig. Þó er það mitt mat að dæmisögurnar af leiðtogunum hefðu stundum mátt vera aðeins styttri, en dæmi það hver fyrir sig.

Kaflarnir eru eins og áður segir ellefu, en heiti þeirra eru eftirfarandi 1) Kjarni þess að læra leiðtogahæfni, 2) Að læra að vera opinn fyrir því sem aðrir hafa fram að færa, 3) Að læra gagnrýna hugsun, 4) Að læra að styðja við vöxt annarra, 5) Að læra sameiginlega leiðtogahæfni, 6) Að læra að greina reynslu, 7) Að læra listina að spyrja, 8) Að læra lýðræði, 9) Að læra að halda í vonina þegar illa gengur 10) Að læra að búa til samfélög, 11) Að meta og fylgjast með lærdómi á leiðtogahæfni. Í næsta kafla mun ég fara nánar í innihald kaflana.

Innihald

Hér verður rakið í grófu máli innihald bókarinnar út frá því sem vakti mestu athygli mína við lestur hennar. Höfundar fjalla, eins og áður var greint frá, um níu lærdómsverkefni og hvað þau fela í sér og hvernig maður getur tileinkað sér þau til að öðlast betri hæfni sem leiðtogi. Í öðrum kafla fjalla þeir um færni að læra að hlusta á það sem aðrir hafa fram að færa. Ef leiðtogi nær þessari færni byrji hann að hlusta á það sem aðrir eru að segja og hætti sjálfur að tala (bls. 23) Þá segjast höfundar hafa notað þetta sjálfir í sínum kennslustundum. Þeir spyrja nemendur sína spurninga um kennsluna í hverri viku. Stundum koma ábendingar varðandi kennsluna og þá þurfa þeir jafnvel að breyta kennsluháttum sínum (bls 27-28). Í kafla þrjú er farið yfir það hvað gagnrýnin hugsun felur í sér. Þeir segja að fáir leiðtogar heimsins í dag myndu viðurkenna að þeir stunduðu ekki gagnrýna hugsun (bls. 41). Gagnrýnin hugsun felur í sér að læra að ígrunda það sem við erum að starfa við frá öllum hliðum. Það felur meðal annars í sér að draga ályktanir um styrk sinn og veikleika (bls. 41) Í kafla fjögur fara höfundar yfir það að læra að styðja við vöxt annara. Þeir segja það vera lykilhlutverk leiðtogans að styðja við aðra . Þeir telja það hlutverk leiðtoga að kveikja og viðhalda þeirri löngun í eitthvað svo að fólk vilji leggja eitthvað til samfélaga sem verður öllum til góða (bls. 61). Þá segja þeir leiðtoga styðja vöxt annarra með því að hlusta, sýna öðrum áhuga, spyrja uppbyggilegra spurninga, kynnast fólki og þeirra sögum þeirra sem þeir vinna með sem og þekkja ástríður vinnufélaga og hvetja þá áfram (bls. 62). Í kafla fimm er fjallað um það að læra dreifða leiðtogahæfni (e. collective leadership). Þegar hún er stunduð eru allir meðlimir skuldbundnir í að búa til og innleiða og sameiginleg sýn og stefna

í sömu átt. Þá ákveður allur hópurinn saman hver er ábyrgur fyrir hverju, t.d. hver talar fyrir hópinn í hvert sinn (bls. 83). Í kafla sex fara höfundar yfir í að læra að greina reynslu. Þeir segja að það að læra af reynslunni sé í umræðunni merki um að leiðtogar séu að þróa með sér visku og þroska (bls. 105). Þá skoða þeir hvað það er að læra að spyrja. Höfundarnir segja að læra að spyrja sé afar mikilvæg færni leiðtogahæfni. Leiðtogar þurfa að vera duglegir að spyrja sjálfa sig og aðra opinna spurninga. Þeir segja jafnframt að þeir trúir því sjálfir að lærdómur eigi sér ekki stað nema að spurt sé spurninga (bls. 106). Í kafla sjö er umfjöllunarefnið að læra lýðræði. Þeir segja að flestir séu sammála um að leiðtogar ættu að stunda lýðræði en segja að samt sé það þeirra reynsla að það sé frekar sjaldgæft. Þeir lýsa lýðræði þegar raddir allra hópa fá að heyrast og leiðtogar hlusta á þær í ákvarðanatöku (127). Í kafla níu fjalla höfundar lærdóminn að viðhalda von í miðri baráttu. Bjartsýni er jákvæð og tilhneigingin til að horfa á björtu hliðarnar og þá mikilvægt að halda alltaf í vonina sama hvað. Þeir leiðtogar sem að tileinka sér bjartsýni og von veigra sér ekki við því að taka þátt í baráttu og halda áfram þótt að móti blási (bls. 171). Í kafla 10 er umfjöllun þeirra um hvernig hægt er að læra að búa til samfélög en þetta er síðasta lærdómsverkefnið sem þeir fara yfir. Þeir fara yfir þetta lærdómsverkefni í lokinn því þeir telja að til að geta lært að búa til samfélög þarf leiðtogi að geta stundað öll hin átta lærdómsverkefnin sem nefnd hafa verið hér að undan (bls. 191). Höfundarnir koma með ýmis dæmi máli sínu til stuðnings bæði frá sjálfum sér og taka alltaf sögur af leiðtogum sem þeim finnst hafa verið dæmigerðir fyrir hverja leiðtogafærni fyrir sig. Leiðtoga eins og Elle Baker, Martin Luther King, Mary Parker, Paul Robeson og Myles Horton sem höfundar bókarinnar virðast líta sérstaklega upp til sem leiðtoga. Að lokum draga höfundar bókina saman og spyrja hvað einkennir leiðtoga sem læra. Þó svo að þeir hafi fjallað um leiðtoga sem gerðu ólíka hluti þá áttu þeir það allir sameiginlegt að þeir voru staðráðnir í að skapa heilbriggt umhverfi þar sem að passað var upp á að sambönd væru uppbyggileg og virðingarfull. Þá áttu þessir leiðtogar það einnig sameiginlegt að gefa fólki tækifæri að sjálft skoðun um þeirra eigin afdrif (bls. 213).

Umfjöllun

Bókin *Learning as a way of leading: Lessons from the struggle of social justice* er að mínu mati einkar áhugaverð og gefur góða mynd af því hvað leiðtogar geta gert og lært til þess að standa sig betur í leiðtogahæfni sinni. Þá fannst mér bókin mjög aðgengileg og vel uppsett sem gerði lestur hennar auðveldari fyrir vikið. Það vakti sérstaka athygli mína hversu höfundar hennar voru óhræddir að nota eigin reynslu til þess að útskýra efni hennar og mér þótti það aðdáunarvert hvernig annar höfundur bókarinnar S. Brookfield segir frá því í kafla 6, *að læra*

að greina reynslu, (bls. 108-110) hvernig hann tókst á við þunglyndi sitt. Hvernig hann lærði með tímanum og með aukinni reynslu að þekkja inn á það og lifa með því. Ég tel að bókin ætti að nýtast öllum þeim sem starfa með fullorðnum og vilja efla sig í leiðtogahæfni. Það er margt í þessari bók sem hljómaði kunnuglega úr öðrum bókum um fullorðna námsmenn. Til að mynda er fjallað um reynslu og lærdóm í bókinni *Adult learning: Linking Theory and practice* (201, bls. 104 en þar segir að hlutverk reynslu í lærdómi sé mikilvægt til að skilja hvernig fullorðnir námsmenn læra sem er þónokkur samhljómur með því sem höfundar skrifa um (bls. 105) að það að greina reynslu hjálpar okkur að skilja, hjálpar okkar að mynda tengsl og leiðir stundum til þess að við nálgumst vandamál á annan hátt. Þá var annað í bókinni sem að hljómaði kunnuglega líkt og að fólk fái að taka þátt á eigin forsendum, að það fái að deila skoðunum sínum og reynslu innan hópsins, að á það sé hlustað og umfjöllun um gagnrýna hugsun.

Mér fannst eins og ég talaði um hér að ofan bókin áhugaverð en við lestur hennar vöknuðu samt ýmsar spurningar hjá mér. Spurningar líkt og geta allir orðið góðir leiðtogar? eða fæðast sumir með meiri leiðtogahæfni en aðrir. Fæðast sumir með leiðtogahæfni á meðan aðrir gera það ekki? Eða kemur leiðtogahæfni með auknum lærdómi og æfingu? Þurfa sumir kannski lengri tíma í að læra að tileinka sér leiðtogahæfni og þurfa sumir kannski meiri æfingu en aðrir. Þá leiddi ég einnig hugann að því hvort að það séu margir leiðtogar heimsins sem að ná að stunda öll þessi lærdómsverkefni og minn afstaða er sú að líklega eru það fáir því mín skoðun er sú að í öllum samfélögum er eitthvað sem mætti fara betur.

Þegar ég las bókina voru vissir þættir sem ég veitti sérstaklega athygli og hugsaði að þeir væru eftirsóknarverðir að reyna að tileinka sér. Það að reyna að vera opin fyrir því sem aðrir hafa fram að færa og jafnframt að reyna að hlusta á aðra af athygli og jafnframt að reyna að skilja þeirra sjónarhorn. Þá fannst mér ánægjulegt að lesa um að leyfa sér að skipta um skoðun. Það er að það er allt í lagi að skipta um skoðun og jafnvel merki um aukin þroska og víðsýni að skipta um skoðun ef það sem aðrir hafa fram að færa hljómar betur en það sem manni þótti áður.

Þá er gagnrýnin hugsun eitthvað sem vert er að læra, að hugsa um hluti fram og tilbaka og virkilega að velta þeim fyrir sér, en ekki taka öllu sem gefnu í lífinu. Þá ég myndi ég vilja tileinka mér sem leiðbeinandi á námskeiði þá mikilvægu færni sem er að styðja vöxt annarra. Ég held að það sé mjög mikilvægur eiginleiki hjá leiðbeinendum. Þá hlýtur það að vera gott, í öllu námi, að geta greint reynslu og eins og fjallað var um hér að ofan virðist það vera sérstaklega áhrifaríkt sé það gert í hóp. Þetta er vert að hafa í huga þegar námskeið eru hönnuð fyrir fullorðna námsmenn. Eins og þessi umfjöllun gefur til kynna er þessi bók full af góðum

verkfærum fyrir leiðtoga og ég get svo sannarlega mælt með lestri þessarar bóka fyrir þá sem vilja efla leiðtogahæfni sína.



Höfundur verkefnisins er Sigrún Helgadóttir, kennari og M.ed. nemi í foreldrafræðslu- og uppeldisráðgjöf við Háskóla Íslands. Verkefnið var unnið í námskeiðinu Skipulagning og fræmkvæmd fræðslu hjá fullorðnum vorið 2017 undir leiðsagnar Hróbjarts Árnasonar.

Bókarýnin er unnin út frá leiðbeiningum frá tímaritinu History: How to Write a Critical Book Review. Sótt af <http://carleton.edu/curricular/history/resources/study/criticalbookreview>

Heimildir

Merriam, S. B., & Bierema, L. L. (2014). *Adult learning: Linking theory to practice*. San Francisco: Jossey-Bass.